

hektara landi við Álfhólsveg austan túns í Digranesi samkvæmt afmörkun á uppdrætti Ásgeirs H. Karlssonar verkfræðings á dskj. nr. 7 með sömu skilmálum og eru í lóðarleigusamningi milli landbúnaðarráðherra og stefnanda frá 2. apríl 1947 um land á Digraneshálsi, að undanskildu ákvæðinu „aðrir skilmálar“ í 15. gr.

Málskostnaður falli niður. Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Zophoníasar Pálssonar samdómanda.

Ég er samþykkur málavaxtalýsingunni í framanrituðum dómi. Hins vegar er það fram komið í málinu, að land það, sem stefnandi gerir kröfu til að fá lóðarsamning um, var í erfðafestu, þegar loforð fyrrgreinds ráðherra, Steingríms Steinþórssonar, var gefið, og er enn. Tel ég því eigi unnt að skylda stefnda, Kópavogskaupstað, til þess að verða við dómkröfu stefnanda, þar sem eigi hefur verið úr því skorið, hvort stefndi geti losað landið til þeirrar ráðstöfunar, sem um getur í lóðarleigusamningi frá 5. apríl 1947.

Niðurstaða mín er því sú, að sýkna beri stefnda að svo stöddu af kröfum stefnanda í málinu, en ég er samþykkur því, að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 10. febrúar 1961.

Nr. 150/1959. **Guðmundur Guðmundsson og Ólafur Guðmundsson** (Jón Bjarnason hrl.)
gegn

Hjálmar Þorsteinssyni & Co.
(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Samningar. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. sept. 1959 og gert þær réttarkröfur, að þeir verði

sýknaðir af öllum kröfum stefnda í máli þessu og þeim dæmdur málskostnaður fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Lögð hafa verið fram í Hæstarétti aðiljaskýrsla áfrýjenda og vitnaleiðslur tveggja starfsmanna stefnda.

Af ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Guðmundur Guðmundsson og Ólafur Guðmundsson, greiði stefnda, Hjálmari Þorsteinssyni & Co., kr. 2000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 6. júní 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. f. m., hefur Hjálmar Þorsteinsson húsgagnameistari, hér í bæ, fyrir hönd firmans Hjálmars Þorsteinssonar & Co. hér í bænum höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 3. maí 1956, gegn Guðmundi Guðmundssyni stórkaupmanni, Laufásvegi 3, og Ólafi Guðmundssyni, Sörlaskjólí 62, báðum hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 1870.46, auk 6% ársvaxta frá 29. nóvember 1955 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara að dómkröfur hans verði lækkaðar. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnanda, hvort heldur sem aðalkrafa þeirra eða varakrafa yrði tekin til greina.

Málsatvik kveður stefnandi þau, að í október og nóvember 1955 hafi firma hans smíðað þrjú afgreiðsluborð og nokkrar aðrar innréttingar og sett muni þessa upp í veitingastofu, er stefndu hafi á þeim tíma átt og rekið í húsnæði við Laugarnes-

veg hér í bænum. Hafi kostnaður við verk þetta (efni og vinna), að meðtalinni teikningu, numið kr. 8870.46. Upp í kostnaðinn hafi stefndu greitt kr. 7000.00, og standi því hin umstefnda skuld eftir.

Kröfu sína um sýknu reisa stefndu á því, að svo hafi um samizt með þeim og sonum stefnanda, að framangreint verk skyldi unnið í ákvæðisvinnu fyrir kr. 7000.00. Þá fjárhæð hafi þeir þegar greitt; og sé skiptum þeirra og stefnanda þar með lokið.

Af hálfu stefnanda er því ákveðið andmælt, að firma hans hafi tekið að sér að vinna umrætt verk í ákvæðisvinnu, og þar sem stefndu hafa engar sönnur færð á gagnstæða staðhæfingu sína, verður krafa þeirra um sýknu ekki tekin til greina.

Varakröfuna reisa stefndu á því, að endurgjald það, sem stefnandi áskildi sér fyrir verkið, sé ósanngjarnlega hátt. Styðja þeir þessa staðhæfingu sína þeim rökum, að vinnustundir séu taldar óhæfilega margar, miðað við vinnu þá, sem framkvæmd var, auk þess sem andvirði hvernar vinnustundar sé reiknað á mismunandi verði, en þeir hafi ekki óskað eftir neinni eftirvinnu við verkið. Þá telja þeir efnisnotkun óhæfilega mikla, og andvirði efnisins reiknað hærra verði en í timburverzlunum á sama tíma.

Stefnandi hefur lagt fram sundurliðaðan reikning yfir umrætt verk (efni og vinnu). Þá liggja fyrir í málinu frumdrög að teikningum yfir afgreiðsluborðin og innréttingarnar. Hins vegar er fram komið, að veitingastofan, sem munirnir voru settir í, er hætt störfum og búið að taka munina niður og flytja þá burtu. Verður því eigi farið á vettvang til athugunar á mununum og öðrum aðstæðum, er kynnu að hafa skipt máli.

Að því athuguðu, sem hér að framan er sagt, þykir ekki í ljós leitt gegn mótmælum stefnanda, að endurgjald það, sem hann hefur áskilið sér fyrir umrætt verk, sé ósanngjarnt. Ber því, sbr. 5. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39 frá 1922, að taka dómkröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Málkostnaður ákveðst kr. 800.00.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Árna Árnasyni kaupmanni og Hjalta Geir Kristjánssyni húsgagnaarkitekt.

Dómsorð:

Stefndu, Guðmundur Guðmundsson og Ólafur Guðmunds-

son, greiði stefnanda, Hjálmar Þorsteinssyni f. h. firmans Hjálmars Þorsteinssonar & Co., kr. 1870.46 með 6% ársvöxtum frá 29. nóvember 1955 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. febrúar 1961.

Nr. 151/1960. Gísli Finnsson (Vagn E. Jónsson hdl.)

gegn

Erlendi Blandon og gagnsök

(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramennir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Theodór B. Línal prófessor.

Húsaleigusamningur. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júlí 1960. Gerir hann þessar kröfur:

Að í aðalsök í héraði verði honum einungis dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 598.57, en málskostnaður látinn falla niður.

Að í gagnsök í héraði verði gagnáfrýjanda dæmt að greiða honum kr. 48.000.00 eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum af dæmdri fjárhæð frá 22. október 1959 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 30. ágúst 1960 áfrýjað málinu með stefnu 6. september s. á. Krefst hann þess, að í aðalsök í héraði verði aðaláfrýjanda dæmt að greiða honum kr. 32.975.21 með 7% ársvöxtum frá 14. október 1959 til greiðsludags. Hann krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda í gagnsök í héraði. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.